

Sp. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]
um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs á svæðinu umhverfis Gullfoss og Geysi. Jafnframt verði hafin vinna við heildarskipulag svæðisins og undirbúin kaup á þeim jörðum og landspildum á svæðinu sem ekki eru þegar í eigu ríkisins.

Frumvarp til laga um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði eigi fram að ganga og því er hún nú endurflutt, efnislega óbreytt, en með lítið eitt breyttu orðalagi.

Efni tillögunnar er einfalt og skýrt: Að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs á svæðinu umhverfis Gullfoss og Geysi, einhverjar þekktustu perlur íslenskrar náttúru, og leggja frumvarp þess efnis fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Það er með ráðnum hug að flm. gera ekki ákveðnar tillögur um stærð eða mörk hins fyrirhugaða þjóðgarðs. Þar koma svo margir kostir til greina að eðlilegt er að þeir, sem fá það verkefni að vinna að undirbúningi málsins, hafi þar nokkurt svigrúm. Þó mætti hugsa sér að fyrirhugaður þjóðgarður yrði að minnsta kosti 40 ferkílómetrar að stærð. Innan hans yrðu þá jarðirnar Haukadalur, Torta, Bryggja, Laug, Helludalur, Brú, Kjóstaðir, Hólar og skógræktin í Haukadal. Af þessum jörðum á ríkið tvær, Haukadal og Laug, en þrjár eru í eyði, Hólar, Torta og Bryggja. Mætti þá hugsa sér að mörk þjóðgarðsins yrðu eins og sýnt er á meðfylgjandi korti sem prentað er sem fylgiskjal. Ítrekað skal að hér er aðeins um einn kost af mörgum að ræða og ef til vill væri ákjósanlegt að þjóðgarðurinn yrði töluvert stærri.

Þegar tillagan var flutt upphaflega fylgdi henni greinargerð sem hér fer á eftir að mestu óbreytt:

Gullfoss og Geysir eru oftlega nefndir í sömu andrá. Fáir staðir á Íslandi eru jafnþekktir og víðkunnir, ekki aðeins meðal Íslendinga sjálfra, heldur og um víða veröld meðal þeirra erlendu gesta er landið sækja heim. Um mikilvægi þessara staða í hugum Íslendinga er óþarft að fjölyrða frekar.

Vaxandi straumur ferðamanna ár frá ári, innlendra sem erlendra, á svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi gerir að verkum að nauðsyn ber nú til að grípa til sérstakra ráðstafana svæðinu og náttúru þess til verndar. Slíkum ráðstöfunum fylgir eðlilega nokkur kostnaður og sýnist sjálfsagt og eðlilegt í ljósi staðreynda málsins að hann komi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Með því að skipuleggja betur en nú er móttöku ferðamanna á þessu svæði væri unnt að skapa fleiri störf í þeirri grein heimamönnum til handa. Ferðamönnum þarf að standa til boða margvísleg þjónusta á svæðinu, svo sem veitinga- og gistipjónusta, leiðsögn í skoðunarferðum sem farnar væru, ýmist fótgangandi eða á hestum.

Vegna þess hve skammt er milli Gullfoss og Geysis má segja að þessir tveir staðir séu nánast samliggjandi og því sé eðlilegt að ferðamannaþjónusta fyrir svæðið yrði aðeins á öðrum staðnum, en vel skipulögð og ætluð þeim sem heimsækja báða staðina. Ekki er vandalaust að skipuleggja þjónustu af þessu tagi í jafnviðkvæmu umhverfi og hér um ræðir.

Að mati flm. þessarar tillögu eiga Gullfoss og Geysir, þessar perlur íslenskrar náttúru, að vera í sama þjóðgarði þar sem ferðamenn, jafnt innlendir sem erlendir, eiga þess kost að njóta þessara einstæðu náttúruundra. Stofnun þjóðgarðs á þessu svæði þarf að undirbúa vandlega í samvinnu við sveitarstjórnir, landeigendur, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna, skipulagsyfirkvöld og aðra þá er málinu tengjast. Flm. telja nauðsynlegt að undirbúningur hefjist sem fyrst þannig að leggja megi frumvarp um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Fylgiskjal.

Umræðutillaga um mörk þjóðgarðs umhverfis Gullfoss og Geysi.

